

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Sjúkraliðafélag Íslands
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. október 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkunir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- 1. 10. 2015: Laun hækka að meðaltali um 9,2% samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2016: Laun hækka að meðaltali um 6,5% samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2017 Laun hækka að meðaltali um 4,5% samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2018 Laun hækka að meðaltali um 3,0% samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu.
- 1.02. 2019 Sérstök eingreiðsla, 55.000 kr greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

**3.gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	78.000 kr.
Á árinu 2016	82.000 kr.
Á árinu 2017	86.000 kr.
Á árinu 2018	89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

4. gr.

Orlofssjóður

Grein 4.9 breytist 1. janúar 2016 og verður sem hér segir:

4.9 Orlofssjóður

- 4.9.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð Sjúkraliðafélags Íslands. Gjald þetta skal nema 0,50% af heildarlaunum félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands í þjónustu ríkisins. Gjaldið skal greiða mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.

5.gr.

Stofnanapáttur og röðun starfa

Frá 1. október 2015 breytist grein 1.2 og verður svohljóðandi:

1. 2 Röðun starfa og mat álags

- 1.2.1 Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal fara eftir gr. 11.3.2.1.
- 1.2.2 Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.2.2 og 11.3.2.3, sem álagsþrep.

Frá 1. október 2015 breytast greinar 11.3 og 11.4 auk þess sem grein 11.4.3 verður grein 11.5. Kafflinn verður þá svohljóðandi:

11.1 Skilgreining

- 11.1.1 Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og stéttarfélags um aðlögun tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Samstarfsnefndir eða nefndir samkvæmt gr. 11.4.1 annast gerð og breytingar stofnanasamninga.

11.2 Markmið

- 11.2.1 Aðilar kjarasamningsins eru sammála um að markmið þeirra, með að færa í hendur stofnunar og stéttarfélags/starfsmanna hennar útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins, er að styrkja starfsemi viðkomandi stofnunar þegar til lengri tíma er litið og skapa þannig forsendur fyrir betri starfsskilyrðum starfsmanna.

Einnig að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana.

- 11.2.2 Markmið stofnanasamnings er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað til þess að auka gæði opinberrar þjónustu. Einnig að gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með að auka möguleika á bættum kjörum.

Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi.

11.3 Gerð stofnanasamnings

- 11.3.1 Við gerð stofnanasamnings skal semja um röðun starfa í launaflokka skv. 11.3.2.1 og þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og sú ábyrgð sem í starfinu felst auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Starfslýsing er ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skal hún endurskoðuð í takt við þróun viðkomandi starfs og skal þá jafnframt endurmeta röðun starfsins.

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til röðunar í álagsprep. Slíkt álag skal háð endurmati. Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagspáttá skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

- 11.3.2 Við ákvörðun á röðun starfa verði almennt byggt á því að um sé að ræða þrjá þætti sem mynda samsetningu launa hjá hverjum og einum. Þættirnir eru:

- 11.3.2.1 **Röðun starfs.** Röðun miðist við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal lítið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.

- 11.3.2.2 **Persónubundnir þættir.** Laun fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.

Markaðsálag eða eftirspurnarálag.

Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði eða góður árangur í starfi.

Aukin hæfni starfsmanns, t.d. formleg menntun, eða framtak starfsmanns við að afla sér símenntunar og þekkingar sem að gagni kemur í starfi, t.d. með starfstengdum námskeiðum. Sérstaklega skal meta formlegt nám sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu.

Starfsaldur hjá stofnun (umbun fyrir tryggð við stofnun) eða sambærilegum stofnunum (umbun fyrir yfirfærslu þekkingar eða vinnubragða).

K.A.G.

- 11.3.2.3 *Tímabundnir þættir* eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna. Dæmi um tímabundna þætti:
Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum.
Tímabundin aukin ábyrgð.
Innleiðing verkefna.
Þróun og nýsköpun.
Sérstakt álag og erfiðleikastig.
Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.
Öflun nýrra verkefna og hugmynda.
- 11.3.2.4 Þættir skv. 11.3.2.3 eru eingöngu metnir til röðunar í álagsþrep. Tímabundnir þættir eru oftast einstaklingsbundnir en geta þó einnig tengst hópum og jafnvel árangri hópa.
- Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.4 Skipan og hlutverk samstarfsnefnda

- 11.4.1 Hjá þeim stofnunum ríkisins sem fara með framkvæmd kjarasamninga í umboði fjármálaráðherra, skal komið á sjálfstæðum samstarfsnefndum, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnun og 3 til vara. Að öllu jöfnu skal trúnaðarmaður á vinnustað vera í forsvari í nefndinni af hálfu SLFÍ. Forstöðumaður tilnefnir fulltrúa stofnunar.
- Samstarfsnefnd hafi m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum. Eins skal nefndin fjalla um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 11.4.2 Hjá þeim stofnunum sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga skulu samningsaðilar með sama hætti tilnefna allt að 3 fulltrúa í samstarfsnefnd og 3 til vara. Fjársýsla ríkisins annast, samkvæmt framsali, þátt fjármálaráðherra fyrir þær stofnanir sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga.

11.5 Starfshættir samstarfsnefnda

11.5.1 Vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings telji þeir að umtalsverðar breytingar hafi orðið á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa.

Koma skal á samstarfsnefndarfundum svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst.

Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum.

Verði aðilar sammála um breytingar skal fella þær inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

11.5.2 Vegna ágreiningsmála

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á röðun eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

6. gr.

Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu BSRB og SNR taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðildarfélaga BSRB.


Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er BSRB, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammksamkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjöllum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 10. nóvember 2015 skoðast hann samþykktur.


Reykjavík, 28. október 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki



Handwritten signatures in blue ink, including names like Halldóra Friðbjörnsdóttir and Einarr Harpöðsson.

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna



Handwritten signatures in blue ink, including names like Kristín A. Guð and Marg. Auður Óskald.

Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjúkraliðafélag Íslands
dags. 28. október 2015

Bókun 1

Aðilar gerðu með sér samkomulag í sumar um frestun viðræðna og gáfu sér sameiginlega tíma til loka september til að ljúka samningsgerð. Við úrskurð gerðardóms í framhaldi af lagasetningu í kjaradeilu BHM annars vegar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar skapaðist veruleg óvissa um stöðu kjaraviðræðna almennt. Vegna þessarar alvarlegu stöðu voru teknar upp viðræður milli samningsaðila á vinnumarkaði um leiðir til að ná samræmdri lausn á þessari stöðu. Sú niðurstaða náðist hjá stærstum hluta vinnumarkaðarins og er þessi samningur gerður undir þeim formerkjum. Aðilar hafa orðið ásáttir um að vegna þessa óvissutímabils verði greidd sérstök eingreiðsla.

Eftir samþykkt kjarasamnings þessa greiðist hverjum starfsmanni, sem er við störf í október 2015 og er enn í starfi nóvember 2015, eingreiðsla 257.000 kr. (að meðtöldu orlofi). Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í nóvember.

Bókun 2

Markmið samningsins er að viðhalda dreifstýringu/stofnanasamningskerfinu í því skyni að efla samkeppnisstöðu ríkisstofnana og auka tækifæri starfsmanna til að hafa áhrif á eigin launaþróun, með því að færa launasetningu nær vettvangi og laga hana að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig. Leitast verður við að gera stofnanasamningakerfið skilvirkara til að tryggja sameiginlega hagsmuni.

Aðilar eru sammála um að efla þurfi og viðhalda þekkingu þeirra forsendna og markmiða sem liggja að baki því fyrirkomulagi launaákvæðana sem kjarasamningar aðila byggja á og tengjast aðferðarfræði heildstæðrar mannauðsstjórnunar, þar sem fyrirkomulag launaákvæðana er einn þáttur í röð samfelldra aðgerða er varða mat á starfi og hvernig það þróast með skipulegum hætti.

Til að tryggja það hafa aðilar orðið ásáttir um að fela starfshópi skipuðum fulltrúum samningsaðila að undirbúa og skipuleggja annars vegar framtíðartilhögun slíkrar fræðslu og hins vegar sérstakt fræðsluáttak um stofnanasamninga fyrir stofnanir og stéttarfélög í tengslum við breyttar forsendur í þessum samningi.

Starfshópurinn undirbúi og skipuleggi fræðsluátakið, í samstarfi við aðra þ. á m. Starfsmennt.

Markmiðið er að fræðsluátakinu verði lokið fyrir 31. október 2016 og fyrir liggja áætlun um með hvaða hætti þessu starfi verði framhaldið.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að skipa stýrihóp með fulltrúum ríkis, aðildarfélag BSRB og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, í því augnamiði að setja á laggirnar

ráðgjafamiðstöð/stuðningsteymi um stofnanasamningsgerð í samstarfi við hlutaðeigandi starfsmenntunarsjóði og/eða fræðslusetur. Ráða skal sérfræðing/-a á sviði stofnanasamningsgerðar til að halda utan um verkefnið. Stuðningsteymið annist fræðslu og ráðgjöf til samstarfsnefnda á stofnunum og eftir atvikum komi að stofnanasamningsgerðinni sjálfri sem utanaðkomandi óháður ráðgjafi. Markmiðið er að auka gæði stofnanasamningsgerðar, efla þátt stofnanasamninga og virkni í starfi stofnana og bæta þekkingu samstarfsnefndanna með það að leiðarljósi að auka gæði opinberrar þjónustu. Fjármögnun þessa verkefnis verði á hendi þróunar- og símenntunarsjóða. Hlutur SLFÍ í kostnaði vegna þessa verkefnis verður kostaður af svokölluðum safnliðssjóði skv. bókun 2 frá 2005.

Stýrihópnum er heimilt að leita eftir samstarfi við fleiri stéttarfélög.

Bókun 4

Aðilar vinni á grundvelli ofangreindra forsendna í bókunum 1 og 2 að breytingum á formgerð, uppbyggingu og innihaldi stofnanasamninga. Til þessa verkefnis verður heimilt að ráðstafa á ársgrundvelli allt að 75 milljónum kr. árið 2016, 55 milljónum kr. árið 2017 og 43 milljónum kr. árið 2018. Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum. Gildistaka breytinga samkvæmt þessari bókun er 1. júní umrædd ár.

Bókun 5

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

Bókun 6

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.

Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.

Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.

Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.

Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

Bókun 7

Aðilar hafa sammælt um að framvegis verði framlag ríkisins vegna félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands til Starfsmenntunarsjóðs BSRB greitt í nýjan starfmenntunarsjóð SLFÍ. Skilyrði þess að greiðslur taki að berast til sjóðsins er ný skipulagsskrá, samþykkt af fjármála- og efnahagsráðuneyti, og skipun stjórnar. Framlag til sjóðsins er áfram 0,22% af heildarlaunum félaga í SLFÍ.

Bókun 8

Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi fyrirkomulag framlaga til stuðnings við starfsþróun og símenntun félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands. Til að vinna að því verkefni verður settur á fót starfshópur sem skilgreini m.a. hlutverk, áherslur og markmið sjóða á sviði starfsþróunar og símenntunar, skipulag þeirra og stjórnun. Hópurinn starfi á grundvelli fylgiskjals með kjarasamningi aðila dags. 27. júní 2011 og verði skipaður með þeim hætti sem þar er tilgreint.

Markmið starfshópsins er að skapa sameiginlega vettvang til að vinna að þessum málum á sem hagkvæmastan hátt. Stefnt skal að því að í kjölfarið verði framlög ríkisins til fræðslumála SLFÍ sambærileg við það sem gerist hjá öðrum félögum innan BSRB svo sem SFR. Miðað er við að hópurinn hafi lokið störfum og breytingar komi til framkvæmda 1. júní 2016.

Þegar fyrir liggur hvernig þessu verður fyrirkomið mun ríkið greiða sérstakt stofnframlag að fjárhæð 7 milljónir króna.

Bókun 9

Aðilar eru sammála um að starfsmönnum með viðeigandi háskólamenntun verði ekki gert að skipta um stéttarfélag við það eitt að ábyrgðarsviði og kröfum í starfi þeirra sé breytt þannig að gerð verði krafa um háskólamenntun í þeim störfum sem um ræðir. Óski starfsmaðurinn eftir óbreyttri stéttarfélagsaðild skal samstarfsnefnd stofnunar taka ákvörðun um röðun og röðunarforsendur starfs þannig að laun og starfskjör verði sambærileg fyrir sömu og sambærileg störf á stofnun án tillitis til stéttarfélagsaðildar. Í þessu sambandi verði sérstaklega lítið til þeirra breytinga sem koma til framkvæmda 1. júní 2016 á 11. kafla kjarasamninga háskólafélaga.

Bókun 10

Í nýlegu svari við fyrirpurn (þingskjal 281/2015) frá Alþingi um horfur í mönnun heilbrigðisþjónustunnar kemur fram að innan velferðarráðuneytisins liggur fyrir greining á mönnun einstakra stétta innan heilbrigðisstofnana, þ. á m. sjúkraliða. Aðilar telja eðlilegt að nýta þá vinnu til skoðunar á þeim umkvörtunarefnum sem fram hafa komið í samningaviðræðum svo sem miklu vinnuálagi, skertu starfshlutfalli, erfiðleikum við nýliðun í stéttinni og sérstaklega óhóflegri notkun styttri vakta á stofnunum ríkisins.

Í þessu skyni verði gerð úttekt á framangreindum atriðum með áherslu á framkvæmd greinar 2.6.4, um lengd vakta í kjarasamningi aðila. Skipaður verði stýrihópur verkefnisins sem verði samsettur af fulltrúum samningsaðila, velferðaráðuneytisins og heilbrigðisstofnana. Ráðinn

verði óháður starfsmaður með viðeigandi þekkingu sem aðilar verða ásáttir um. Úttektinni skal lokið fyrir 1. apríl 2016.

Leiði úttektin í ljós að ástæða sé til breytinga hjá einstökum stofnunum verði velferðarráðuneytinu, eða eftir atvikum stofnunum, falið að grípa til viðeigandi ráðstafana. Skal hópurnir upplýstur um framgang þeirra á næstu mánuðum á eftir.

Til að auðvelda stofnunum að verða við kröfum um breytingar á vöktum sem kunna að verða gerðar til þeirra skal stýrihópurinn hafa til umráða fjárhæð sem nemur allt að 3 milljónir á ári árin 2016 og 2017 til að styðja við stofnanir af þessum sökum. Stýrihópurinn ákveður hvaða skilyrði stofnanir þurfa að uppfylla til að fá slíkan stuðning.

Bókun 11

Hvað varðar eldri bókanir eru aðilar sammála um eftirfarandi:

Sólarlagsákvæði um flutningslínu skv. bókun 4 frá 2001 lifi eins og þar segir.

Að bókun 7 frá 2014 um heilsueflingu verði áfram til úrvinnslu.

Bókun 3 frá 2011 haldi gildi sínu.

Sérstakur sjóður samkvæmt bókun 2 frá 2005 sbr. og bókun 2 frá 2014 leggst af. Í tengslum við niðurlagningu hans fái orlofssjóður SLFÍ sérstaka styrkingu á samningstímabilinu sem nemi 10 milljónum á ári frá 2016 til 2018. Með þessum samningi telst hann uppgerður.

Aðrar eldri bókanir hafa misst gildi sitt.

KAG.

Fylgiskjal I með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjúkraliðafélags Íslands
dags. 28. október 2015

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun:

Frá 1. október 2015.....	245.000 kr.
Frá 1. júní 2016	260.000 kr.
Frá 1. júní 2017	280.000 kr.
Frá 1. júní 2018	300.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinna, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

KAG

Fylgiskjal II með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjúkraliðafélags Íslands
dags. 28. október 2015

Launatafla tekur gildi frá 1. okt. 2015:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	229.845	235.591	241.337	247.083	252.829	258.575	264.321	270.067	275.813
02	241.337	247.370	253.404	259.437	265.470	271.504	277.537	283.571	289.604
03	253.404	259.739	266.074	272.409	278.744	285.079	291.414	297.749	304.084
04	258.472	264.933	271.395	277.857	284.319	290.781	297.242	303.704	310.166
05	265.288	271.920	278.552	285.184	291.817	298.449	305.081	311.713	318.345
06	273.246	280.078	286.909	293.740	300.571	307.402	314.233	321.065	327.896
07	278.711	285.679	292.647	299.615	306.583	313.550	320.518	327.486	334.454
08	289.860	297.106	304.353	311.599	318.846	326.092	333.339	340.585	347.832
09	301.454	308.991	316.527	324.063	331.600	339.136	346.672	354.209	361.745
10	316.527	324.440	332.353	340.267	348.180	356.093	364.006	371.919	379.832
11	332.353	340.662	348.971	357.280	365.589	373.898	382.206	390.515	398.824
12	348.971	357.695	366.420	375.144	383.868	392.592	401.317	410.041	418.765
13	366.420	375.580	384.741	393.901	403.062	412.222	421.382	430.543	439.703
14	384.741	394.359	403.978	413.596	423.215	432.833	442.452	452.070	461.689
15	403.978	414.077	424.176	434.276	444.375	454.475	464.574	474.674	484.773
16	424.176	434.781	445.385	455.990	466.594	477.199	487.803	498.407	509.012
17	445.385	456.520	467.655	478.789	489.924	501.058	512.193	523.328	534.462
18	467.655	479.346	491.037	502.729	514.420	526.111	537.803	549.494	561.185
19	491.037	503.313	515.589	527.865	540.141	552.417	564.693	576.969	589.245
20	515.589	528.479	541.369	554.258	567.148	580.038	592.927	605.817	618.707
21	541.369	554.903	568.437	581.971	595.505	609.040	622.574	636.108	649.642

Launatafla tekur gildi frá 1.júní 2016

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	229.845	235.591	241.337	247.083	252.829	258.575	264.321	270.067	275.813
02	241.337	247.370	253.404	259.437	265.470	271.504	277.537	283.571	289.604
03	253.404	259.739	266.074	272.409	278.744	285.079	291.414	297.749	304.084
04	263.413	269.998	276.584	283.169	289.754	296.340	302.925	309.510	316.096
05	273.818	280.663	287.509	294.354	301.200	308.045	314.891	321.736	328.581
06	284.634	291.750	298.865	305.981	313.097	320.213	327.329	334.445	341.560
07	295.877	303.274	310.671	318.067	325.464	332.861	340.258	347.655	355.052
08	307.564	315.253	322.942	330.631	338.320	346.009	353.698	361.387	369.077
09	322.942	331.016	339.089	347.163	355.236	363.310	371.383	379.457	387.530
10	339.089	347.566	356.044	364.521	372.998	381.475	389.952	398.430	406.907
11	356.044	364.945	373.846	382.747	391.648	400.549	409.450	418.351	427.252
12	373.846	383.192	392.538	401.884	411.230	420.576	429.923	439.269	448.615
13	392.538	402.351	412.165	421.978	431.792	441.605	451.419	461.232	471.046
14	412.165	422.469	432.773	443.077	453.381	463.686	473.990	484.294	494.598
15	432.773	443.593	454.412	465.231	476.051	486.870	497.689	508.508	519.328
16	454.412	465.772	477.132	488.493	499.853	511.213	522.574	533.934	545.294
17	477.132	489.061	500.989	512.917	524.846	536.774	548.702	560.631	572.559
18	500.989	513.514	526.039	538.563	551.088	563.613	576.137	588.662	601.187
19	526.039	539.189	552.340	565.491	578.642	591.793	604.944	618.095	631.246
20	552.340	566.149	579.957	593.766	607.574	621.383	635.191	649.000	662.809
21	579.957	594.456	608.955	623.454	637.953	652.452	666.951	681.450	695.949

Launatafla tekur gildi frá 1.júní 2017

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	229.845	235.591	241.337	247.083	252.829	258.575	264.321	270.067	275.813
02	241.337	247.370	253.404	259.437	265.470	271.504	277.537	283.571	289.604
03	253.404	259.739	266.074	272.409	278.744	285.079	291.414	297.749	304.084
04	266.074	272.726	279.377	286.029	292.681	299.333	305.985	312.637	319.289
05	279.377	286.362	293.346	300.331	307.315	314.300	321.284	328.269	335.253
06	293.346	300.680	308.014	315.347	322.681	330.015	337.348	344.682	352.016
07	308.014	315.714	323.414	331.115	338.815	346.515	354.216	361.916	369.616
08	322.483	330.545	338.607	346.669	354.731	362.793	370.855	378.917	386.979
09	338.607	347.072	355.537	364.003	372.468	380.933	389.398	397.863	406.328
10	355.537	364.426	373.314	382.203	391.091	399.980	408.868	417.756	426.645
11	373.314	382.647	391.980	401.313	410.646	419.979	429.311	438.644	447.977
12	391.980	401.779	411.579	421.378	431.178	440.977	450.777	460.576	470.376
13	411.579	421.868	432.158	442.447	452.737	463.026	473.316	483.605	493.895
14	432.158	442.962	453.766	464.570	475.374	486.178	496.982	507.786	518.589
15	453.766	465.110	476.454	487.798	499.142	510.486	521.831	533.175	544.519
16	476.454	488.365	500.277	512.188	524.099	536.011	547.922	559.834	571.745
17	500.277	512.784	525.291	537.798	550.304	562.811	575.318	587.825	600.332
18	525.291	538.423	551.555	564.687	577.820	590.952	604.084	617.216	630.349
19	551.555	565.344	579.133	592.922	606.711	620.500	634.288	648.077	661.866
20	579.133	593.611	608.090	622.568	637.046	651.525	666.003	680.481	694.959
21	608.090	623.292	638.494	653.696	668.898	684.101	699.303	714.505	729.707

Launatafla tekur gildi frá 1.júní 2018

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	236.144	242.047	247.951	253.855	259.758	265.662	271.565	277.469	283.373
02	247.951	254.150	260.349	266.547	272.746	278.945	285.144	291.342	297.541
03	260.349	266.857	273.366	279.875	286.383	292.892	299.401	305.910	312.418
04	273.366	280.200	287.034	293.868	300.703	307.537	314.371	321.205	328.039
05	287.034	294.210	301.386	308.562	315.738	322.914	330.089	337.265	344.441
06	301.386	308.921	316.455	323.990	331.525	339.059	346.594	354.129	361.663
07	316.455	324.367	332.278	340.189	348.101	356.012	363.924	371.835	379.746
08	332.278	340.585	348.892	357.199	365.506	373.813	382.120	390.427	398.734
09	348.892	357.614	366.337	375.059	383.781	392.503	401.226	409.948	418.670
10	366.337	375.495	384.653	393.812	402.970	412.129	421.287	430.445	439.604
11	384.653	394.270	403.886	413.502	423.119	432.735	442.351	451.968	461.584
12	403.886	413.983	424.080	434.178	444.275	454.372	464.469	474.566	484.663
13	424.080	434.682	445.284	455.886	466.488	477.090	487.692	498.294	508.896
14	445.284	456.417	467.549	478.681	489.813	500.945	512.077	523.209	534.341
15	467.549	479.237	490.926	502.615	514.303	525.992	537.681	549.370	561.058
16	490.926	503.199	515.472	527.745	540.019	552.292	564.565	576.838	589.111
17	515.472	528.359	541.246	554.133	567.020	579.906	592.793	605.680	618.567
18	541.246	554.777	568.308	581.839	595.371	608.902	622.433	635.964	649.495
19	568.308	582.516	596.724	610.931	625.139	639.347	653.554	667.762	681.970
20	596.724	611.642	626.560	641.478	656.396	671.314	686.232	701.150	716.068
21	626.560	642.224	657.888	673.552	689.216	704.880	720.544	736.208	751.872